


Mars 2026



Afmörkun hafnasvæða Leiðbeiningar

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið



Útgefandi:

Innviðaráðuneytið

Afmörkun hafnarsvæða. Leiðbeiningar

Mars 2026

irn@irn.is

Stjornarradid.is

Umbrot og textavinnsla:

Innviðaráðuneytið

©2026 Innviðaráðuneytið

ISBN 978-9935-494-67-2

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Afmörkun hafnarsvæða	5
1.1 Skipulagssvæði á sjó.....	5
1.2 Hafnsögusvæði.....	6
1.3 Þjónustusvæði	6
1.4 Hafnarsvæði farþegaskipa	6
2. Útfærsla í hafnarreglugerð	7
2.1 Dæmi um útfærslu í hafnarreglugerð.....	7
2.1.1 Kort.....	7

Inngangur

Með lögum nr. 93/2024 um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, voru endurskoðuð ákvæði um afmörkun hafnarsvæðis allra hafna landsins. Þessum leiðbeiningum er ætlað að tryggja samræmda afmörkun hafnarsvæða á Íslandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II við hafnalög skulu eigendur hafna senda innviðaráðuneyti endurskoðuð ákvæði í hafnarreglugerðum um stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó, með hliðsjón af nýjum viðmiðum, eigi síðar en 1. janúar 2027. **Hafnir eru beðnar um að senda ekki uppfærslu annarra ákvæða samhliða þessum. Þá er þess vænst að hafnir sendi endurskoðuð ákvæði um afmörkun hafnarsvæðis í hafnarreglugerðum svo fljótt sem kostur er á.**

Drög að öðrum breytingum á hafnarreglugerðum sendist sérstaklega.



1. Afmörkun hafnarsvæða

Hafnarstjórn gerir tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við Vegagerðina um gerð þess. Í tillögunni skal gera skýra grein fyrir mörkum hafnarsvæðis bæði á landi og á sjó.

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. hafnalaga er hafnarsvæði á sjó skipt í fjögur svæði:

- skipulagssvæði á sjó,
- hafnsögusvæði,
- þjónustusvæði og
- hafnarsvæði farþegaskipa.

Tilgreina skal stærð og mörk hafnarsvæða bæði á sjó og landi, og skulu þau afmörkuð með annaðhvort baughnitum (GPS-hnitum í viðmiðunarkerfi WGS84) eða hnitakerfi isnet93. Við ákvörðun og skráningu baughnita skal fara eftir gildandi [leiðbeiningum Landhelgisgæslu Íslands](#) um rithátt staðsetninga í baughnitum og útsetningu á línnum og hólfum:

- gráður (°) og mínútur (') með aukastöfum,
- auðkenning fyrir norðlæga breidd (N) og vestlæga lengd (V) og
- norðlæg breidd og vestlæg lengd er gefin upp 1/100 úr mínútu.

1.1 Skipulagssvæði á sjó

Skipulagssvæði hafna ná að ytri mörkum netlaga (115 m út frá stórstraumsfjöruborði) í samræmi við lögsagnarumdæmi sveitarfélaga, líkt og gert er ráð fyrir í skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Þar sem stefna um skipulag haf- og strandsvæða kveður á um gerð strandsvæðisskipulags á tilteknu svæði nær það frá netlögum að ytri mörkum efnahagslögsögunnar. Á því svæði fer svæðisráð, skipað fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, með skipulagsvaldið. Ekki þörf á að hnitsetja útmörk skipulagssvæðis.

Skipulagssvæði hafnarinnar og strandsvæðisskipulag skarast ekki.

Við gerð strandsvæðisskipulags skal sérstakt samráð haft við hafnarstjórnir vegna hafnarsvæða, skv. lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Þar sem í gildi er strandsvæðisskipulag skal hafnarstjórn sækja um leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi innan þess og leyfin skulu samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi.

Skipulagsvæði hafnar telst einnig mengunarlögsaga hafnarinnar, en með því er átt við svæði þar sem hafnarstjórar bera ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunar, skv. lögum um varnir gegn mengun hafs og strand nr. 33/2004.

1.2 Hafnsögusvæði

Hafnsögusvæði er athafnasvæði hafnsögumanns, það svæði þar sem hafnaryfirvöld setja hafnsöguskyldu til hafnarinnar. Skilgreina þarf hvaða skip hafa hafnsöguskyldu. Móttökustaður hafnsögumanns getur verið staðsettur utan við hafnsögusvæðið sjálft og er hægt að skilgreina hann sem hnitpunkt inn á sjókorti og í reglugerð. Ystu mörk svæðis er hægt að afmarka með beinni línu yfir hafsvæði eða sem margar línur. Endapunktur línu skulu hnitsettir.

1.3 Þjónustusvæði

Þjónustusvæði hafnar er svæði hafnar þar sem veitt er þjónusta og gjald tekið fyrir, svo sem fyrir löndun, lestun og viðlegu skipa. Þjónustusvæði hafnarinnar nær til ystu marka hafnarinnar. Afmörkun svæðis getur verið ein lína eða fleiri. Endapunktur línu skulu hnitsettir.

1.4 Hafnarsvæði farþegaskipa

Hafnarsvæði farþegaskipa er hafsvæði sem ekki telst til farsviða farþegaskipa. Það nær til ystu marka varanlegra hafnarmannvirkja, sem eru óaðskiljanlegur hluti hafnarinnar, eða til þeirra marka sem helgast af náttúrulegum landfræðilegum þáttum sem skýla vogum og víkum eða svipuðum skýldum svæðum.

Svæðið afmarkast sem flötur innan þjónustusvæðis hafnarinnar með línunum og endapunktur þess skulu hnitsettir.



2. Útfærsla í hafnarreglugerð

2.1 Dæmi um útfærslu í hafnarreglugerð

Í reglugerð gæti ákvæði um afmörkun hafnar lítið svona út:

- 1) Hafnarsvæði á sjó skiptist í skipulagssvæði, hafnsögusvæði, þjónustusvæði og hafnarsvæði farþegaskipa.

- a) skipulagssvæði á sjó nær að netlögum, sjávarbelti 115 m út frá stórstraumsfjöruborði.

- b) hafnsögusvæði:

Hnitakerfi WGS84

64°4.83'N 021°59.99'V

64°4.36'N 022°04.46'V

64°2.46'N 022°07.51'V

- c) þjónustusvæði

Hnitakerfi WGS84

64°4.83'N 021°59.99'V

64°4.36'N 022°04.46'V

64°2.46'N 022°07.51'V

- d) hafnarsvæði farþegaskipa

Hnitakerfi WGS84

64°2.46'N 022°07.51'V

64°3.91'N 021°59.95'V

64°4.70'N 022°01.26'V

Einnig er leyfilegt að notast við hnitakerfi ISNET93, eða bæði. Þá er leyfilegt að notast að auki við örnefni, en þau koma ekki í stað hnita.

2.1.1 Kort

Hér má sjá kort af höfninni í dæminu í lið 2.1.

